

New work ehf.
Norðurvangi 16
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 19. nóvember 2015
UST201511-141/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Leyfi til kvikmyndatöku - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Bergsveins Jónssonar hjá New Work ehf fyrir hönd Pilgrim Ltd, dags. 18. nóvember 2015, vegna leyfis til kvikmyndatöku á þremur stöðum innan Reykjanesfólkvangs 22-23. nóvember fyrir stuttmyndina Pilgrim.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar: Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku á þremur stöðum: Kleifarvatn, Krísuvíkurbjarg og Rauðhólagíg. Við Kleifarvatn fara tókurnar fram við helli norðan við Syðristapa. Útbúið verður lítið eldstæði sem væri byggt á sandinum með steinum, eldinum verður stjórnað með gasbrennurum og leikarar myndaðir þar sem þeir eru að tala saman við eldinn. Tökur ættu að taka 3 klst seinnipart sunnudagsins 22. nóvember og koma 27 manns að þeim. Óskað er eftir því að bílar með kamerubúnað og rafstöð fái að keyra niður að fjöruborði auk jeppa með leikstjóra og framleiðendur ásamt fólksflutningabíl. Aðrir bílar myndu leggja á svæði sem þar er fyrir við veginn sunnan við slóða sem liggur niður að vatninu. Við Krísuvíkurbjarg fara tókurnar fram 20 metra frá bjargbrún, á grasbala, þar verður komið fyrir skúr í tveimur pörtum. Skúrin er 1,5 m breiður og 2 m hár. Skúrin er byggður í Reykjavík og fluttur á svæðið fyrir tókurnar. Á svæðinu þarf einnig að útbúa gróf og setja upp leggstein. Gröfin verður hlaðin upp þ.e. dúkur lagður á jörðina, mold sturtað sett þar á og steinum hlaðið upp við moldina. Að töku loknum verður efnið fjarlæggt. Tökur taka um 9 klst. sunnudaginn 22. nóvember og koma 27 manns að þeim. Öllum bílum yrði lagt á bílastæði þar er fyrir en þeir yrðu 7 talsins. Við Rauðhólagíg yrði sami skúr og á Krísuvíkurbjargi settur upp í gígnum og á Krísuvíkurbjargi. Verður myndað þar sem maður gengur inn og út úr skúrnum og að ganga um í hrauninu. Að tökunum koma 27 manns á 7 bifreiðum og taka tókurnar 7 tíma mánudaginn 23. nóvember. Til þess að komast að svæðinu þarf að fjarlægja grjót sem er á veginum að námusvæðinu til að hægt sé að leggja öllum bílum á stæðinu sem þar er.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur svo framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til meðfylgjandi skilyrða

Skilyrði


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti kvikmyndatökur innan Reykjanesfólkvangs fyrir stuttmyndina Pilgrim 21-22. nóvember 2015 að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Samþykki landeigenda fáist fyrir kvikmyndatökunum.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega við vegstæðin. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Við Kleifarvatn er heimilt að keyra tveimur bifreiðum niður að fjöruborðinu þar sem tókur fara fram þ.e. sprinter van með kamerubúnað og rafstöðvarbíl. Skal þess gætt við aksturinn að ekki hljótist af rask. Öll umerki eftir akstur í fjörunni skulu fjarlægð að tókum loknum.
- Tökusvæðið skal afmarkað og skal komið fyrir merkingum sem tiltaka að um vinnusvæði sé að ræða og leyfi Umhverfisstofnunar hafi verið fengið fyrir framkvæmdinni. Skal textinn vera á íslensku og ensku.
- Þar sem tókulið þarf að vera staðsett utan vegar skal setja út palla/mottur til að hlífa gróðri ef þörf er á og/eða eftirlitsaðili metur að þess þurfi.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Grjót sem verður fært til hliðar af vegi við Rauðhólagíg verður sett aftur á sinn stað um leið og tókum líkur.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt sem og öll ummerki um akstur bifreiða.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með kvikmyndatökunum. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst.

Í umsókninni er ekki rökstutt af hverju nauðsynlegt er fyrir fólksflutningabifreið og jeppa leikstjóra og framleiðanda að keyra niður í fjöruna og verður ekki séð að þörf sé á því. Umhverfisstofnun hafnar því beiðni umsækjanda um að fá að keyra þær bifreiðar niður að fjöruborðinu og skal þeim lagt á merktum bílastæðum í nágrenninu eða við veg þar sem þær skapa ekki hættu fyrir aðra vegfarendur.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur